



## Gagnatöflur váttryggingafélaga - fyrsti ársfjórðungur 2020


### Inngangur

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur birt gagnatöflur váttryggingafélaga á samandregnu formi fyrir annan ársfjórðung 2020. Hér að neðan er að finna samantekt á þróun helstu stærða úr rekstri þeirra á fyrri ársfjórðungi 2020.

### Skaðatryggingastarfsemi – annar ársfjórðungur 2020

Iðgjöld í eigin hlut námu 30,9 ma.kr. á fyrri ársfjórðungi ársins og drógust saman um 0,8% frá sama tíma í fyrra. Mestu munar um lækkun iðgjalda í lögboðnum ökutækjatrýggingum (292 m.kr.) og öðrum ökutækjatrýggingum (287 m.kr.). Tjón í eigin hlut námu 26,6 ma.kr. og jukust um 5,3% yfir sama tímabil. Mest er aukningin í tjónum á milli ára í eignatrýggingum (1.102 m.kr.) og lögboðnum ökutækjatrýggingum (436 m.kr.). Rekstarafkoma í skaðatryggingastarfsemi á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 var neikvæð um rúma 2.6 ma.kr.

Heildareignir skaðatryggingafélaga í lok annars ársfjórðungs 2020 námu 168 ma.kr. Váttryggingaskuld fyrir hlut endurtryggjenda hækkaði um 9% á milli ára og nam í lok tímabilsins 97,6 ma.kr. Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi<sup>1</sup> voru 56,6 ma.kr. við lok fjórðungsins og hækkuðu um 5,3 ma.kr. frá sama tíma í fyrra. Fjárfestingareignir skaðatryggingafélaga námu 136 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi ársins 2020. Hafa fjárfestingareignir aukist um 12,6 ma.kr. frá sama tímabili í fyrra.



**Mynd 1:** Samsetning fjárfestingareigna skaðatryggingafélaga eftir tegund.


Gjaldþolshlutfall (SCR %) skaðatryggingafélaga var 175% við lok annars ársfjórðungs 2020 og hækkar um 13 prósentustig milli ársfjórðunga.

<sup>1</sup> Solvency II efnahagsreikningur byggir á uppgjörsaðferðum eigna og skuldbindinga í samræmi við kafla XIII. og XIV. í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.



## FJÁRMÁLAEFTIRLIT

### Gjaldþolshlutfall




**Mynd 2:** Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Rauði punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.



## Líftryggingastarfsemi – annar ársfjórðungur 2020


Iðgjöld í eigin hlut námu 2,7 ma.kr. á fyrri árshelmingi ársins og jukust um 4,8% milli ára. Tjón í eigin hlut námu 821 m.kr. og drógust saman um 12,8% frá fyrra ári. Rekstrarafkoma í líftryggingastarfsemi nam 1.1 ma.kr. í lok fyrri árshelming. Jákvæð rekstrarafkoma var í öllum greinum líftrygginga.

Heildareignir samkvæmt Solvency II efnahagsreikningi námu 19,6 ma.kr. Þar af námu fjárfestingareignir 9,6 ma.kr. Vátryggingaskuld líftryggingafélaga án söfnunartrygginga nam 5,1 ma.kr. og hækkar um 3,1% frá sama tímabili í fyrra. Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi námu 5,8 ma.kr. í lok tímabilsins.



**Mynd 3:** Samsetning fjárfestingaeigna líftryggingafélaga eftir tegund. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka eru undanskildar í yfirlitinu.

Gjaldþolshlutfall (SCR %) líftryggingafélaga var 266% við lok annars ársfjórðungs 2020 og hækkaði um 9 prósentustig milli ársfjórðunga.



**Mynd 4:** Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um vátryggingastarfsemi. Miðlína kassans táknar miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Rauði punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.